


Samiðn



Kauptaxtar hækka 1. júlí og aftur í nóvember

Með nýgerðu samkomulagi Alpýðu-sambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins verður núverandi kjarasamningur framlengdur til loka nóvember 2010. Launahækkun sem átti samkvæmt fyrri samningum að verða 1. mars síðastliðinn er frestað og kemur hún í tveimur áföngum, annars vegar 1. júlí, þegar laun hækka um 8.750 kr. eða 6.750 kr., og hins vegar 1. nóvember, og þá um sömu krónutölu. Þá er að finna í samkomulaginu ákvæði um 3,5% launapróunartryggingu sem tryggir öllum minnst 3,5% launahækkun á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. nóvember 2009. Launahækkunum

sem áttu að taka gildi 1. janúar 2010 er frestað fram til 1. júní 2010.

Með þessu samkomulagi vilja aðilar vinnumarkaðarins leggja sitt af mörkum til að tryggja að hér á landi komist á stöðugleiki í efnahagsmálum.

Forsendur samningsins sem nú verður borinn undir aðildarfélög ASÍ er viðtækt samkomulag sem náðst hefur milli samtaka launafólks, fulltrúa sveitarfélaga og ríkisstjórnarinnar þar sem ríkisstjórnin hefur heitið því að beita sér fyrir margvíslegum aðgerðum til að tryggja stöðugleika efnahagslífsins hér á landi.

Framkvæmdir til að stuðla að aukinni atvinnu

Ríkisstjórnin heitir því í nýgerðum sáttmála að hún greiði götu þegar ákveðinna stórframkvæmda, svo sem framkvæmda vegna álvera í Helguvík og Straumsvík. Undirbúningsvinnu verði hraðað vegna áforma upp uppbyggingu meðalstórra iðnaðarkosta, svo sem gagnavera og kísilflöguframleiðslu.

Bætt staða lántakenda og skuldsettra heimila

Mikilvægt er að bæta stöðu skuldsettra heimila. Í því skyni ætlar ríkisstjórnin að hraða vinnu ráðherranefndar sem fjallar um stöðu þeirra. Þar verður meðal annars lögð áhersla á að tryggja að þau úrræði sem þegar eru komin gagnast eins og vænst var. Einnig verði gerðar tillögur í samráði við aðila vinnumarkaðarins um viðbótarúrræði eftir því sem þörf krefur. Þá skal sérstaklega horft til þess hóps sem nýlega keypti sína fyrstu eign.

Jafnframt verða lagðar fram tillögur í samráði við aðila vinnumarkaðarins um það hvernig styrkja megi stöðu lántakenda á fjármálamarkaði.

Eftirlit á vinnumarkaði og vinnustaðaskírteini

Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld taka upp virkt samstarf um eftirlit á vinnustöðum og vinnustaðaskírteini.

Markmiðið með slíku samstarfi er meðal annars að tryggja að starfsmenn njóti umsaminna réttinda og að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og misnotkun atvinnuleysisbóta. Ríkisstjórnin beitir sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum um almennt eftirlit á vinnustöðum og vinnustaðaskírteini.

Finnbjörn Hermannsson formaður Samiðnar:

Sáttmáli sem leggur grunn að bættum lífskjörum

– Eins og staðan er nú er ljóst að allir verða að leggja sitt af mörkum til að koma hér á stöðugleika. Stöðugleikinn er forsenda þess að hjól atvinnulífsins geti byrjað að snúast af fullum krafti að nýju, segir Finnbjörn Hermannsson formaður Samiðnar. Hann bætir við að án stöðugleika verði ekki hægt að afnema þau höft sem nú einkenna íslenskt efnahagslíf.

– Það verður ekki hægt að hefja endurreisn efnahagslífsins meðan við búum við þær aðstæður sem nú ríkja hér á landi, aðstæður sem einkennast

fyrst og fremst af eilífri varnarbaráttu okkar gegn ásókn ýmissa aðila sem vilja græða á okkur. Við þurfum að skapa hér aðstæður til þess að losa okkur við jöklabréfin og endurreisa frjálstan gjaldeyrismarkað, sem er forsenda þess að við getum stundað viðskipti við útlönd á eðlilegan hátt, segir Finnbjörn sem telur jafnframt að með þeim aðgerðum sem boðaðar eru í stöðugleikasáttmálanum eigi krónan eftir að styrkjast.

– Það er einlæg von okkar sem stóðum að því gera þennan sáttmála að



hann leiði til lækkandi verðbólgu hér á landi og að aðstæður skapist til verulegra vaxtalækkana. Ef þetta tekst verður það mikill ávinningur fyrir heimilin í landinu.

Aðspurður um hvort hann treysti ríkisstjórninni til að standa við sinn þátt í samkomulaginu segir Finnbjörn að hann efist ekki um heilindi þeirra ráðherra sem komu að gerð stöðugleikasáttmálans. – Hins vegar er því ekki að leyna, segir hann, – að í baklandi ríkisstjórnarinnar eru öfl sem ekki er eins treystandi. Því er ekki að neita að þar leynast ýmsir sem vilja slá pólitískar keilur, og gætu átt eftir að leggja stein í götu ríkisstjórnarinnar. En ég vona að ríkisstjórnin hafi pólitískt þrek til þess að koma í gegn þeim málum sem hún hefur gefið fyrirheit um. Við fylgjumst náði með og þrýstum á ef okkur sýnist að ekki eigi að standa við fyrirheit sáttmálans, segir Finnbjörn, sem leggur áherslu á að miðað við þær aðstæður sem nú ríkja sé það ákveðinn varnarsigur fyrir launafólk að vinnuveitendur skuli gangast inn á að framlengja kjarasamningana og að þær launahækkningar sem samið var um og áttu að koma til framkvæmda í mars skuli skila sér.

– Við vonum að þessi sáttmáli leggi grunninn að bættum lífskjörum launafólks hér á landi. Það er langtímamarkmið með þessu, segir Finnbjörn.

Ný launatafla

Launatafla 1 - Gildir frá 1. júlí 2009

Iðnaðarmenn með sveinspróf eða sambærilega menntun

	Mánaðarl.	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátíðarl.
Byrjunarlaun	216,305	1,247.94	2,246.33	2,974.19
Eftir 1 ár í starfsgr.	223,116	1,287.23	2,317.06	3,067.85
Eftir 3 ár í starfsgr.	228,454	1,318.03	2,372.49	3,141.24
Eftir 5 ár í starfsgr.	233,952	1,349.75	2,429.59	3,216.84

Iðnaðarmenn með a.m.k. 5 ára sveinspróf og meistaráttindi (eftir meistaranám) og fela má umsjón verkefna. Iðnaðarmaður með tvöfalt sveinspróf sem bæði nýttast í starfinu.

	Mánaðarl.	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátíðarl.
Byrjunarlaun	247,019	1,425.14	2,565.29	3,396.51

Iðnaðarmenn sem ekki falla undir launatöflu 1

	Mánaðarl.	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátíðarl.
Byrjunarlaun	194,675	1,123.15	2,021.70	2,676.78
Eftir 1 ár	200,804	1,158.51	2,085.35	2,761.06

Sérhæfir aðstoðarmenn í iðnaðarstörfum með mikla faglega reynslu í iðngreininni

	Mánaðarl.	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátíðarl.
Byrjunartaxti sveins	158,368	913.68	1,644.65	2,177.56
Eftir 1 ár í starfsgr.	159,504	920.23	1,656.45	2,193.18
Eftir 3 ár í starfsgr.	161,777	933.35	1,680.05	2,224.43
Eftir 5 ár í starfsgr.	164,049	946.45	1,703.65	2,255.67

Endurreisn efnahagslífsins byggist á stöðugleika

Þeir sem standa að hinum nýja stöðugleikasáttmála eru sammála um að hann sé ein af þeim meginstöðum sem endurreisn efnahagslífsins Íslandi byggist á, og tekur hann á mörgum óvissuþáttum sem hafa sett svip sinn á íslenskt efnahagslíf undanfarna mánuði.

Markmið stöðugleikasáttmálans er að stuðla að endurreisn efnahagslífsins. Í upphafi viðræðna settu samningsaðilar sér markmið um að í lok árs 2010 verði verðbólga ekki yfir 2,5%, halli hins opinbera ekki meiri en 10,5% af VLF, að dregið hafi úr gengissveiflum, gengið styrkst og nálgast jafnvægisgengi. Einnig verði vaxtamunur við evrusvæðið innan við 4%. Þannig hafi skapast skilyrði fyrir auknum fjárfestingum innlendra sem erlendra aðila, auknum hagvexti, nýrri sókn í atvinnumálum og grunnur verið lagður að bættum líf skjörum til framtíðar.

Samhliða gerð stöðugleikasáttmálans sameinuðust aðilar vinnumarkaðarins um að eyða óvissu á vinnumarkaði með því að ljúka gerð kjarasamninga sem gilda til nóvemberloka árið 2010, og er áhersla þar lögð á að styrkja stöðu hinna tekjulægstu.

Helstu atriði sáttmálans

- Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði framlengdir til loka nóvember 2010. Gengið verður frá samningum á opinbera markaðnum í þessum anda eins fljótt og auðið er.
- Fyrirliggjandi aðgerðaáætlun í ríkisfjármálum til 2013 lögð fram og sameiginlegur skilningur skapaður á markmiðum tímabilsins 2009 – 2011. Hlutdeild skattahækkanna verður ekki meiri en 45% af þeirri upphæð sem þarf til að tryggja jafnvægi í ríkisfjármálunum.
- Mikil áhersla á að tryggja að bætt verði staða lántakenda og skuldsettra heimila. Ríkisstjórn fer yfir og endurskoðar fyrirliggjandi úrræði og gerðar tillögur um viðbætur eftir því sem þörf krefur.
- Framkvæmdir til að stuðla að aukinni atvinnu þar sem lögð er áhersla að greiða götu stórfamkvæmda og ráðist í samstarf við lífeyrissjóði um þátttöku í fjármögnun verkefna.



- Tímasettar áætlanir um endurreisn bankanna og eigenda-stefnu ríkisins, erlendir aðilar muni geta eignast hlut í íslenskum fjármálafyrirtækjum m.a. til að greiða fyrir aðgangi að lánsfé. Endurskipulagning eignarhalds bankanna lokið 1. nóvember 2009.
- Sameiginleg viðmið mótuð um endurreisnar atvinnulífsins og aðkomu opinberra aðila að atvinnustarfsemi og eignarhaldi á fyrirtækjum.
- Tímasettar ráðstafanir í gengismálum þar sem lögð verður fram áætlun fyrir 1. ágúst um afnám hafta. Markmiðið með þessu er að tryggja stöðugleika krónunnar. Leitast verði við að aflétta hömlum á nýrri fjárfestingu fyrir 1. nóvember 2009.
- Vaxtamál þar sem aðilar vinnumarkaðarins lýsa því að vextir verði að lækka og verði komir í eins stafs tölu fyrir 1. nóvember.
- Sameiginleg átak í málefnum sem snúa að sveitarfélögum og varða samstarf á sviði efnahagsmála og samræmingu upplýsinga og aðgerða í búskap hins opinbera.
- Framtíðarsýn í málefnum lífeyrissjóða verður til skoðunar og öllum ákvörðunum um skerðingu réttinda og fjármögnun frestað meðan fyrrnefnd skoðun fer fram.
- Virkt samstarf um eftirlit á vinnustöðum og innleiðingu vinnustaðaskírteina til að tryggja réttindi starfsfólks, vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og misnotkun atvinnuleysisbóta.
- Framkvæmd yfirlýsingar ríkisstjórnar frá 17. febrúar 2008 um réttindi launafólks er varða Starfsendurhæfingarsjóð, sjúkra og fræðslusjóði og fullorðinsfræðslu.

Viðræður hafnar við aðra viðsemendur

Nú þegar endurskoðun kjarasamninga við Samtök atvinnulífsins er lokið hyggst Samiðn hefja viðræður við ýmsa aðra viðsemjendur um sams konar endurskoðun. Viðræður eru þegar hafnar við Meistarasambandið, Bílgreinasambandið, ríkið, Launanefnd sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Orkuveitu Reykjavíkur og fleiri. Stefnt er að því að ljúka þessum viðræðum sem fyrst, en þegar hefur verið lokið við samning við Faxaflóahafnir.



Miðstjórn Samiðnar

Samningsumboðið áfram hjá ASÍ

Miðstjórn Samiðnar fjallaði á fundi sínum 23. júní um drög að stöðugleikasáttmálanum og þær breytingar sem þá lágu fyrir á gildandi kjarasamningi. Niðurstaða fundarins var að ASÍ hefði fullt umboð til að ljúka samningum svo fremi þær forsendur sem kynnt voru á fundinum gengju eftir.

Miðstjórnin komst jafnframt að þeirri niðurstöðu að ekki væri þörf á að bera nýjan

samning undir félagsmenn aðildarfélaga þar sem einungis væri verið að gera breytingar á gildandi kjarasamningi. Miðstjórnin lagði hins vegar áherslu á að aðildarfélögin kynntu samninginn í stjórnnum sínum, samninganefndum og trúnaðarmannaráðum. Verður sá háttur væntanlega ofan á hjá flestum aðildarfélögum ASÍ.

Golfmót Samiðnar - úrslit

Hið árlega golfmót Samiðnar var haldið á golfvöllinum í Öndverðarnesi laugardaginn 13. júní s.l. Mótið var jafnframt innanfélagsmót aðildarfélaga Samiðnar og mættu hátt í 70 félagsmenn og fjölskyldur þeirra leiks.

Að þessu sinni vann Félag iðn- og tæknigreina (FIT) Samiðnarbikarinn og Þór Sigurðsson (Fagfélaginu) varð hlutskarpastur einstaklinga og vann Samiðnarstyttuna.

Samiðn - Samiðnarbikarinn

Án forgjafar	Félag	Högg
1. Hjörtur Leví Pétursson	FIT	72
2. Óskar Jóhannesson	Fagf.	83
3. Garðar Ólafsson	Fagf.	83

Með forgjöf

1. Þór Sigurðsson	Fagf.	71
2. Ólafur E. Hrólfsson	FIT	71
3. Gísli Kjartansson	FIT	71

Fagfélagið

Án forgjafar	Högg
1. Óskar Jóhannesson	83



Sigurður Arnar Garðarsson, (fyrir miðju) yngsti keppandinn á mótinu bar sig úr bitum í unglingsflokkum.

2. Garðar Ólafsson	83	2. Gísli Kjartansson	71
3. Örn Haraldsson	86	3. Kristinn B. Einarsson	72

Með forgjöf

1. Þór Sigurðsson	71
2. Þorbjörn Björnsson	74
3. Sigrún Ingólfssdóttir	76

Félag iðn- og tæknigreina

Án forgjafar	Högg
1. Hjörtur Leví Pétursson	72
2. Vignir Kristmundsson	86
3. Gísli Sigurgeirsson	87

Með forgjöf	Högg
1. Ólafur E. Hrólfsson	71

Unglingsflokkur

1. Sigurður Arnar	70
2. Ragnar Már Garðarsson	72
3. Henning Darri Þórðarson	78

Næst holu á 2.braut

Hjörtur Leví Pétursson	1,58m
Næst holu á 18.braut	
Konráð Ægisson	1,72m

Gestaverðlaun

Hákon Jónsson